

Priðjudaginn 7. febrúar 1961.

Nr. 219/1960. **Ákærvaldið** (Einar B. Guðmundson hrl.)

gegn

Kristþóri Zophoníasi Sveinssyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Lárus Jóhannesson og Ármann Snævarr prófessor.

Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt prófum málsins átti ákærði heima í Hafnarfirði, þegar atvik máls þessa gerðust, og stundaði þar akstur leigubifreiðarinnar G 1490. Hinn 8. júlí 1960 var hann í bifreið sinni á heimleið frá Reykjavík, þar sem hann kveðst hafa verið í einkaerindum. Stöðvuðu lögreglumenn bifreið hans við Kópavogsbrú í því skyni að athuga, hvort hún fullnægði skilyrðum laga um skoðunarvottorð. Urðu þeir þá varir við töskur í bifreiðinni, og við nánari athugun þeirra kom í ljós, að í töskunum voru flöskur með áfengi. Töldu lögreglumennirnir þetta fella grun á ákærða um flutning áfengis, sem ætlað væri til sölu. Af því tilefni fór svo fram rannsókn, sem leiddi til málshöfðunar þessarar á hendur ákærða. Ekki verður talið skipta máli um refsináemi verknaðar samkvæmt 4. sbr. 3. málsg. 19. gr. laga nr. 58/1954, þó að grunur löggæzlumanna um ólögmætan áfengisflutning komi þá fyrst til, er þeir hafa stöðvað bifreið eða hafið afskipti af henni í öðru skyni en leit að áfengi.

Ákærði hafði meðferðis í bifreið sinni 17 flöskur af brennivíni, sem hann kveðst hafa keypt í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík og ætlað til eigin neyzlu. Eins og atvikum var háttað, svo sem nánar er greint í héraðsdómi, þykir ákærði ekki hafa leitt að því nægar líkur, að áfengið hafi ekki verið ætlað til sölu. Hefur hann því gerzt sekur við ákvæði 4. sbr. 3. málsg. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Leitt er í ljós, að hinn 8. júlí 1960 nam söluverð á 17 brennivínsflöskum hjá Áfengisverzlun ríkisins samtals kr. 2890.00. Í 2. málsgr. 42. gr. greindra áfengislaga er mælt, að brot gegn 4. málsgr. 19. gr. laganna verði sektum, er nemi í fyrsta sinni fimmföldu söluverði þess áfengis, sem ætlað er til ólöglegrar sölu. Samkvæmt því ber að ákveða refsingu ákærða kr. 14.450.00 sekt, er renni til Menningarsjóðs, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Áfengi það, 17 flöskur af brennivíni, sem tekið var af ákærða, skal vera upptækt til ríkissjóðs samkvæmt 2. málsgr. 42. gr. laga nr. 58/1954.

Ákærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda í Hæstarétti, kr. 5000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristþór Zophonías Sveinsson, greiði kr. 14.450.00 sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 45 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreindar 17 flöskur af brennivíni eru upptækar til handa ríkissjóði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, og laun skipaðs verjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 6500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 5. nóvember 1960.

Ár 1960, laugardaginn 5. nóvember, var í sakadómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Gunnari

Sæmundssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 404/1960: Ákærvaldið gegn Kristþóri Sveinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er með ákæruskjali Dómsmálaráðuneytisins, dags. 29. júlí s.l., höfðað gegn Kristþóri Sveinssyni bifreiðarstjóra, Grænukinn 12, Hafnarfirði, fyrir áfengislagabrot samkvæmt 4., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þykir ákærði hafa orðið brotlegur við téð lagaákvæði um kl. 1215 föstudaginn 8. júlí s.l., með því að hafa haft meðferðis í bifreið sinni, G 1490 L, 17 flöskur af brennivíni, en áfengi þetta, er lögreglumenn fundu í bifreiðinni á Reykjanesbraut, þykir ákærði hafa ætlað til sölu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að fyrrgreindar 17 áfengisflöskur verði upptækar til ríkissjóðs samkvæmt 2. mgr. i.f. 42. gr. áfengislaga, svo og verði ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 18. júní 1932 í Ólafsvík, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo kunnugt sé:

1955 24/1 Hafnarf. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.

1956 7/6 Hafnarf. Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir meinta áfengissölu.

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 8. júlí s.l. um kl. 1215 stöðvuðu tveir lögreglumenn úr Reykjavík leigubifreiðina G 1490 á Reykjanesbraut. Í skýrslu annars lögreglumannanna, Guðmundar Hermannssonar varðstjóra, um málið kveður hann þetta hafa verið gert „til að ganga úr skugga um, hvað skoðun liði fyrir árið 1960“. Síðar kom í ljós, að skoðun var ekki hafin í Hafnarfirði. Er þeir félagar voru að ræða við ökumann bifreiðarinnar, kveður varðstjórinn þá hafa veitt athygli tveimur töskum aftur í bifreiðinni og spurt ökumann, hvort hann væri að koma úr ferðalagi, en hann sagt, að hann hefði verið að sækja dóttur sína, en með honum hafi verið í bifreiðinni 2—3 ára telpa. Aðspurður, hvað í töskunum væri, kveður varðstjórinn ökumanninn hafa svarað því til, að það væri ýmiss konar dót. Er varðstjórinn snerti við töskunum, kveðst hann hafa fundið, að í þeim voru flöskur, og hafi þá bifreiðarstjórinn viðurkennt að hafa verið að kaupa áfengi í Reykjavík. Kannaðist bifreiðarstjórinn við að eiga áfengið, sem reyndist 17 flöskur af brennivíni, og kvaðst ætla að drekka það sjálfur.

Lögreglumennirnir færðu síðan ökumann G 1490, ákærða í

máli þessu, á lögreglustöðina í Hafnarfirði, og kom hann hér fyrir réttinn samdægurs.

Við yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa keypt vín þetta í Áfengisverzlun ríkisins í Reykjavík. Síðan kvaðst hann hafa ekið að húsi þar í bænum og tekið þar í bílinn tveggja ára dóttur sína. Að því búnu kvaðst hann hafa haldið heim á leið, en við Kópavogsbrú hefðu lögreglumenn stöðvað bifreiðina. Hann hélt fast við, að áfengið væri ætlað til eigin neyzlu, en hann bragðaði iðulega áfengi og veitti gestum sínum. Ákærði kvaðst frekar aðspurður smakka áfengi 1—2 í viku eða svo, og færi það eftir ýmsum ástæðum, svo sem hvort mikið væri að gera við akstur eða ekki. Hann kvaðst sjaldan kaupa svo mikið vín í einu, en það kæmi þó fyrir. Aðspurður, kvaðst ákærði iðulega fara til Reykjavíkur. Ekki kvað hann veizluhöld né ferðalög standa fyrir dyrum hjá sér.

Það er fullsannað, að ákærði átti sjálfur vín það, er fannst í leigubifreið hans í umrætt skipti. Kemur því til álita, hvort hinar sérstæðu sönnunarreglur 4. sbr. 3. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954 eigi hér við. Í greindum lagaákvæðum er vikið frá þeirri meginreglu íslenzks réttar, að ákæruvaldinu beri að sanna sök. Ber því samkvæmt almennum lögskýringarreglum að skýra greind lagaákvæði þröngt, og virðist því eðlilegt að skýra þau eftir orðanna hljóðan. Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. áfengislaga er lögreglumönnum heimilað að rannsaka, hvort bifreiðar hafi áfengi meðferðis, þó að það sé löglega keypt, enda liggi fyrir rökstuddur grunur um, að áfengið sé ætlað til ólöglegrar sölu. Hér verður ekki séð, að skilyrðum nefndrar greinar sé fullnægt. Áfengið uppgötvaðist þarna nánast fyrir tilviljun, þar sem ástæðan fyrir því, að bifreiðin var stöðvuð, er aðeins talin sú, að ætlað var, að fyrir mælum um skoðun bifreiða hefði ekki verið fullnægt. Brestur því forsendur til að beita 4. mgr. 19. gr. áfengislaga um umrætt tilvik, og ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að fella allan kostnað málsins á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristþór Sveinsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Málskostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1961.

Nr. 3/1960. **Davíð Árnason** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
 gegn

Ragnari Haraldssyni (Gunnar J. Möller hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1960 og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 4503.06 með 6% ársvöxtum frá 15. nóvember 1958, að málskostnaður í hér- aði verði felldur niður, en stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Davíð Árnason, greiði stefnda, Ragnari Haraldssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00, að viðlagðri aðför að lögum.